

Staðfesting konungs *ad mandatum á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð* **144**
iðnaðarmanna í Reykjavík

Vjer **Christian hinn níundi** af Guðs náð konungur Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg

Gjörum kunnugt, að með því að allra þegnsamlegast hefir verið sótt og beðið um allra hæsta staðfesting Vora á skipulagsskrá fyrir styrkjarsjóð iðnaðarmanna í Reykjavík,— en skipulagsskrá þessi er í frumriti heft hjervið —, þá höfum Vjer allramildilegast staðfest nefnda skipulagsskrá, sem ráðgjafi Vor fyrir Ísland geymir samhljóða og sannað endurrit af, eins og Vjer hjermeð stafestum hana.

Vjer bönnum öllum og hverjum einstökum að tálma því, sem að framan er skráð.

Ritað í aðsetursborg Vorri Kaupmannahöfn 18. septbr. 1896.

Samkvæmt allramildilegastri skipun Hans Hátignar Konungsins
Rump.

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð iðnaðarmanna í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af »Iðnaðarmannafjelaginu í Reykjavík«, með þeim 2263 krónum 66 aurum, sem það átti í Söfnunarsjóði Íslands í ársbyrjun 1895.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja iðnaðarmenn í Reykjavík, sem og ekkjur þeirra og börn.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Árstillög sjóðsstyrkjenda, ársvextir af höfuðstólnum og frjálsar gjafir. Árstillagið er 1 kr. 50 a. frá hverjum meðlimi Iðnaðarmannafjelagsins, en 2 kr. frá hverjum utanfjelagsiðnaðarmanni.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera: formaður, gjaldkeri og skrifari, og kjósast af Iðnaðarmannafjelaginu á aðalfundi í janúarmánuði ár hvert. Á sama fundi kys fjelagið einnig á ári hverju 2 menn til að endurskoða reikninga sjóðsins. Stjórninni ber að sjá um að höfuðstóll sjóðsins sje ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, sem og að tekjur sjóðsins sjeu lagðar við höfuðstólinn og ávaxtaðar á sama hátt og hann, eins fljótt og því verður viðkomið, að því leyti sem þeim eigi er varið til styrkveitinga samkvæmt 5. gr. Stjórn sjóðsins ber um

- 144** hver áramót að gera reikning um fjárhag sjóðsins fyrir það ár, sem þá er að líða út, og skal sá reikningur endurskoðaður af endurskoðunarmönnum.

5. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða. Þegar hann er orðinn 3000 krónur, má verja helmingi af vöxtum hans og helmingi af árstíllögum sjóðstyrkjenda til styrkveitinga. Þó má, þegar sjerstakleg atvik bera að höndum, verja allt að $\frac{4}{5}$ af ársvöxtum og helmingi árstíllaga til styrkveitinga. En þegar sjóðurinn hefir náð 30000 króna upphæð, má árlega verja $\frac{3}{4}$ af ársvöxtum hans og árstíllögum.

6. gr.

Aðnjótandi styrks úr sjóðnum geta orðið þeir iðnaðarmenn í Reykjavík, er greitt hafa tillag í sjóðinn samkvæmt 3. gr., þegar þeir verða hjálparþurfar, t. d. sökum veikinda eða ellilasburða, sömuleiðis ekkjur þeirra og eptirlátin börn, sem hjálpar þurfa sjer til framfæris.

7. gr.

Styrk úr sjóðnum veiti 5 manna nefnd, og sjeu 3 þeirra stjórn sjóðsins, en 2 aðrir sjóðstyrkjendur, sem til þess eru kosnir á aðalfundi ár hvert.

Um styrkveitingu skal sækja fyrir hver árslok og eiga umsóknarbrjefunum að fylgja skilríki um verðleika og þörf umsækjanda. Styrkveitingum skal síðan úthlutað fyrir aðalfund sjóðsins í janúarmánuði.

8. gr.

Skyldi svo fara, að enginn sjóðstyrkjandi yrði, skal »Styrktarsjóður iðnaðarmanna í Reykjavík« leggjast undir umsjá dómkirkjuprestsins og bæjartógetans í Reykjavík, og skulu þeir taka með sjer til styrkveitinga 3 menn af flokki iðnaðarmanna, og útbýta árlega styrk af vöxtum sjóðsins samkvæmt 2. grein samanborinni við 5. og 6. grein hjer að framan.

9. gr.

Eptir aðalfund í janúarmánuði ár hvert sendir stjórn styrktarsjóðsins skýrslu um fjárhag sjóðsins síðastliðið ár til landshöfðingjans, sem hefir eptirlit með að sjóðnum sje stjórnað eptir framanskrifaðri skipulagsskrá.

Þannig samþykkt á fundi »Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík« 7. apríl 1895.

Matthías Matthíasson.
pt. formaður.

Arinbj. Sveinbjarnarson.
skrifari.

Andrjes Bjarnason.
pt. fjehirðir.